



Fundur í grænu teymi 19.8.2020 kl. 8.30 . Boðað var til fundar á TEAMS

Davíð Rúnar, Hildur Dagbjört, Ásta Þórisdóttir, María Maack sem skráði fundargerð

Dagskrá til umræðu:

1. Hvernig má vekja meiri áhuga og þátttöku í Umhverfissvottuðum Vestfjörðum, ekki síst á meðal fyrirtækja
2. Staða Grænna skrefa
3. Önnur mál

Mættir voru Hildur Dagbjört (HD), Ásta Þórisdóttir (ÁÞ), Davíð (DR),

María átti í miklu basli með hljóðkerfi og var lengst af áheyrandi í síma. Til hennar heyrðist ekki vel. Og var það gagnkvæmt. María reit fundargerð

1. MM varpaði fram spurningu: Hvernig er hægt að ná betur til fyrirtækja með upplýsingar, fræðslu og þátttöku um UV? Þarf að vera ódýrt. Upplýsingar á vef virðast ekki komast til skila. Víða vantar tölvuföng til að tengjast beint fyrirtækjunum sem sett voru á listann í vor sem haghafa.

Tillögur: DR, fara inn til fyrirtækjanna og tala beint við fólk. Góðar undirtektir, það þarf að tala við hvern og einn í návígi, persónlegir fundir til þeirra sem starfa í sveitarfélögum á öllum sviðum. Á mótí kemur að fjármögnun hrekkur ekki til að ferðast um allt svæðið og tala persónulega við alla árlega.

Tillaga að því að hafa einn starfsmann tengdan í hverju sveitarfélagi. En myndi sá fá áhuga og drift? Enn fleira er æskilegir til að vekja athygli heimamanna og ferðamanna, fánar, límmiðar, eitthvað meira áberandi, eitthvað ferskara sem sést.

Hugsanlegt að tengja alla vinnuna betur við einstaklinga í hverju sveitarfélagi? En alltaf er hætt á að árangurinn standi og falli með áhuga þess sem velst sem tengiliður.

Hafa sveitarfélög farið eftir framkvæmdaáætlun og hvernig hefur gengið að koma atriðum í framkvæmd. Því miður hefur ekkert sveitarfélag brugðist við, hvorki gerð áhættugreiningar né skilað lista með verkefnum sem hafa komist í gagnið.

Umræðan barst að Staðardagskrá21 sem var unnin á hverjum stað í upphafi aldarinnar. Hún var nálægari fólki. Nú er eins og bæði umhverfissvottun fyrir alla Vestfirði og ferðamálastefna hafi fjarlægst fólki og áhuginn minnkar um leið. Þetta þyrfti að taka til skoðunar.

Önnur tillaga væri að senda fréttir til allra sveitarstjóra og biðja fyrir fréttir og upplýsingar um umhverfissvottunina. Gætu verið Fréttir, ábendingar, tillögur um notkun á umhverfissvottun? Einnig eru facebook síðu sveitarfélaganna góður miðill. Þar ættu líka að koma fram aðrar vottanir sem fyrirtæki gætu verið með á hverjum stað.



EARTHCHECK



NÁTTÚRUSTOFA
VESTFJARÐA

2. Status um Græn skref: HD hefur tekið út nokkra staði hvað varðar skref og greina hvernig gengur. Flestir leita ráða þegar að úttektinni er komið. Þar gildir eins og annars staðar: Best að tala beint við fólk persónulega. DR sagði að á sínum tíma hafi græn skref mátt vera hluti af vinnu þeirra sem áhuga höfðu á umhverfismálum að sinna á vinnutíma starfsmanna en nú hefur það verið lagt af þar sem hann þekkir til. Þegar breytt var um sveitarstjóra var þessu breytt og minni tími leyfðist til að sinna umhverfismálum. Það er eins og sveitarfélögin forgangsraði á annan hátt.

3. Önnur mál

MM sagði frá samskiptum um sorp og hóp á vegum sambands íslenskra sveitarfélaga sem á að samhæfa sorpmál. Ekki er auðvelt að komast að tilgangi og vinnu þessa hós. Eygerður Magnúsdóttir bauð þó fólk að senda inn erindi og fá rædd atriði. Hópurinn er settur af fulltrúum sveitarfélaga. Rætt um aðkomu umhverfissvottunar eða bara almennings að þessari nefnd. MM mun tengja og fá upplýsingar um markmið hennar. Stefnt er að því að koma að erindum.

Umhverfislestin er að koma til Ástu aftur, og þar sem Ásta tengist sjálfbærni í verki, nýrri upprisu vistvernd í verki vill hún reyna að koma þessu á framfæri. Hún vill einnig þiggja upplýsingar um hugsanlega sjóði sem geta styrkt þess háttar vinnu. HDA og Ásta áhugasamar um að vinna meira með sýningar og almenning.

HDA var beðin um að senda MM smá rapport um stöðu grænna skrefa. Æskilegast er að taka út nokkra staði í einni ferð t.d. bókasafn, elliheimili, skrifstofu skóla. Grænar úttektir hjá mörgum stöðum í einni heimsókn verður þetta ódýrara fyrir hvern.